

**95** Raforkuveítusamþykkt þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 12. okt. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1932.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vígfús Einarsson.*

**96**  
12. okt.

## REGLUR

um

**notkun og meðferð rafmagns á Hofsós.**

1. gr.

Rafmagnsveitan á Hofsós er eign félags sem heitir „Raforkufélag Hofsóss“.

2. gr.

Rafmagnsveitan selur félagsmönnum rafmagn til heimilisnota um hemil, og utanfélagsmönnum innan Hofsóskauptúns um mæli til ljósa, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar hrekkur til. Ennfremur tekur rafmagnsveitan að sér hleðslu á rafmagnsgeymum.

3. gr.

Stjórn Raforkufélags Hofsóss hefir með höndum stjórn rafmagnsveitunnar. Fyrst um sinn er umsjá og eftirlit með rafmagnsstöðinni í höndum sömu stjórnar, en ráða má hún fastan stöðvarstjóra síðar, ef hún telur þess þörf.

4. gr.

Rekstrartími stöðvarinnar er dag og nótt allt árið, og má ekki taka strauminn af nema nauðsyn beri til, og þá svo stuttan tíma sem unnt er.

5. gr.

Rafmagnsveitan leggur húsálmur að vegg, þó eigi lengri en 35 metra. Að öðru leyti kostar umsækjandi algerlega innlagningu rafmagnstauganna, þar með talið gegntak, stofnleiðsla og greinispjald með öllum tilheyrandi tækjum, að undanskildum mælum, sem rafmagnsveitan leigir notendum.

Hver sá, sem óskar að fá rafmagn til ljósa frá rafmagnsveitunni, sendi skriflega beiðni um það til stjórnar raforkufélagsins, og sé um leið tekið fram,

hve mikla orku hann býst við að kaupa. Stjórnin skal tilkynna umsækjanda úrskurð sinn, eigi síðar en mánuði eftir að hún veitti beiðninni móttöku.

96  
12. okt.

6. gr.

Húsaveitur má aðeins gera af þeim manni eða mönnum, sem stjórn raforkufélagsins tekur gilda til þess. Engir aðrir mega fást við slík störf eða breyta eldri lögnum, enda er stjórn raforkufélagsins heimilt að neita að láta setja þær lagnir í samband við rafmagnsveituna, sem ekki eru framkvæmdar af þeim mönnum, er hún tekur gilda.

7. gr.

Nú hefir verið lokið við innanhússlögn, áhöld sett í húsið eða breytt eldri lögn, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyrr en sá eða þeir, sem gæta stöðvarinnar, hafa skoðað og reynt hana og vottað að hún sé fullnægjandi.

8. gr.

Enginn má taka straum úr leiðslum rafmagnsveitunnar án leyfis stjórnar raforkufélagsins, né aðhafast nokkuð það, er valdið geti skemmdum á leiðslum hennar og tækjum eða orkuverinu. Brjótí nokkur gegn ákvæði þessu skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sé verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggja við samkvæmt lögum.

9. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unnt, að lögn hans sé jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi, þannig að skemmdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunnar, t. d. öryggi hrökkvi í sundur eða bilun sjáist á einangrun á lögn, skal húsráðandi tafarlaust tjá það stjórn raforkufélagsins. Varast skal að taka í sundur ljóstækin, straummælana, tengihylkin o. s. frv.

10. gr.

Stjórn raforkufélagsins er heimilt að banna að nota í sambandi við rafmagnsveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem að hennar áliti eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

11. gr.

Stjórn raforkufélagsins og sá, er gætir rafmagnsstöðvarinnar, skulu ætíð hafa frjálstan aðgang þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um, hvort allt sé í góðu lagi.

12. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglum þessum, eða virði að vettugi fyrirskipanir stjórnar raforkufélagsins, er

**96** heimilt að slíta sambandi við hann. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.  
12. okt.

## 13. gr.

Stjórn raforkufélagsins skal halda bók yfir tekjur og gjöld rafmagnsveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning, miðaðan við áramót, skal hún semja fyrir 31. janúar ár hvert og afhenda hann hinum kosnu endurskoðendum, sem endursendir hann svo endurskoðaðan stjórn raforkufélagsins.

## 14. gr.

Stjórn raforkufélagsins semur gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á henni.

## 15. gr.

Reglum þessum og gjaldskrá, sem sett verður samkvæmt 14. gr. hennar, má breyta með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

## 16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggja við, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1932.*

**Þorsteinn Briem.**

---

*Vigfús Einarsson.*

**97**  
12. okt.

## G J A L D S K R Á

fyrir

rafmagnsveitu á Hofsósi.

## 1. gr.

Fyrir hverja heimtaug, sem tekin er í samband við aðaltaugar rafmagnsveitunnar, skal um leið greiða í eitt skipti fyrir öll 25 — tuttugu og fimm — krónur.